


Nr.: GAT-040	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Utgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 5	<b>434. fundur skólanefndar VMA</b>	

Dags.: 22.1.2019	Tími: 17- 19.15	Staðsetning: Fundaherbergi A-Álma	Fund boðaði:SHJ
------------------	-----------------	-----------------------------------	-----------------


#### Þátttakendur

Mættir:	Kristín Halldórsdóttir formaður, Sverre Jakobsson, Axel Grettisson, Hrafnhildur Karlsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir, Benedikt Barðason Hörður Óskarsson fulltrúi kennara, Guðný Jónsdóttir fulltrúi nemenda, Jón Hrói Finnson fulltrúi foreldra. Hrafnhildur Haraldsdóttir situr fund undir liðum er tengist fjármálum og efnisgjöldum.
Fjarverandi:	Reynir Eiríksson, varamenn ekki tiltækir.


#### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta skólanefndarfundar
2. Uppgjör ársins 2018 og ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á áætlun ársins 2018 og 2019.
3. Breyting á húsaleigu fyrir árið 2019 og bæting á húsaleigu fyrir árið 2018
4. Efnisgjöld vorannar 2019
5. Nemendafjöldi og breytingar í starfsmannahaldi í upphafi vorannar.
6. Námsorlof næsta skólaár og skipan staðgengils skólameistara.
7. Úttekt Vinnueftirlitsins í des 2018
8. [Mín framtíð](#) - Íslandsmeistaramót iðngreina, aðkoma VMA
9. Hönnunarstaðall VMA - lagt fram til kynningar
10. Fundargerð kennarafundar - lagt fram til kynningar
11. Málþing; [Hvert er unga fólkíð okkar að stefna?](#) - lagt fram til kynningar
12. Önnur mál


nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1.	<b>Fundargerð síðasta skólanefndarfundar</b> Fundargerð lögð fram og samþykkt.

Nr.: GAT-040	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Utgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012	<b>434. fundur skólanefndar VMA</b>	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 5		

2.	<p><b>Uppgjör ársins 2018 og ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á áætlun ársins 2018 og 2019.</b></p> <p>Hrafnhildur fer yfir stöðuna og söguna bakvið stöðuna eins og hún er í dag. Árið 2019 leit mjög vel út þar til uppgjör starfsbrautar kom með um 15 milljónir í mínus. Staðan núna er því 25 milljónir króna í mínus fyrir árið 2018.</p> <p>Skólinn þarf að skila inn nýrri áætlun fyrir 2019 þar sem hækkun á húsaleigu á milli ára varð 217.700.000 kr. Húsleigan er því nú 378.909.821 kr. Svokölluð markaðsleiga. Einnig hefðu heimildir til launa hækkað.</p> <p>Þegar sett var inn hækkun á húsaleigunni og hækkun á framlögum auk þess að hækka launakostnað í topp þá var lítið eftir í önnur gjöld eða um 3 milljónir aukalega frá því sem önnur gjöld voru í raun í fyrra. Hækkun á launaliðnum er hins vegar 4% frá því sem greitt var í raun fyrir árið 2018.</p> <p>Eins og lög gera ráð fyrir þá verða stofnanir að vera innan þess marka sem þeim er sett.</p> <p>Lausafjárstaða skólans núna í byrjun árs er hins vegar ágæt og í raun varasjóður fyrir upphaf ársins 2019 þar sem við gerum ekki ráð fyrir framlögum ef niðurstaða ársins 2018 verður með þessum halla.</p>
3.	<p><b>Breyting á húsaleigu fyrir árið 2019 og bæting á húsaleigu fyrir árið 2018</b></p> <p>Húsleigan hækkar umtalsvert á árinu 2019. Sjá hér að framan. Skólum á að vera tryggð framlög á móti þessari breyttu leigu.</p>
4.	<p><b>Efnisgjöld vorannar 2019</b></p> <p>Ekki er búið að leggja á efnisgjöld og er ólíkur skilningur á því milli skólanna eftir breytingar á efnisgjöldum til nemenda. Eigum eftir að sjá hvað efnisgjöld gefa skólanum mikið og hvort verði gerð breyting á þeim með lægri gjöldum. Unnið er að endurskoðun efnisgjalda til samræmis við aðra skóla. Skólameistari rekur sögu þessa máls og skort á leiðsögn frá MRN til skólanna varðandi þessa breytingu.</p>
5.	<p><b>Nemendafjöldi og breytingar í starfsmannahaldi í upphafi vorannar.</b></p> <p>Alls 940 stundatöflur í dagskóla, 290 teknir inn í fjarnám og um 250 staðfestir (ca 50 VMA nemendur). Grunnskólanemendur eru í iðngreinakynningu í rafiðn (2 hópar) og háriðn (3 hópar). 10 nemendur frá MA eru í áföngum í VMA og níu nemendur frá VMA eru í áföngum í MA</p> <p>Hálfván Örnólfsson kennir hagfræði í MA á þessari önn. Ekki gert ráð fyrir áframhaldandi samstarfi vegna kennaraskipta við MA á næstu önn. Var</p>

Nr.: GAT-040	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Utgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN	<b>434. fundur skólanefndar VMA</b>	
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 5		

	<p>samstarfsverkefni á meðan MA er að keyra tvöfalt kerfi í 3ja og 4ra ára stúdentsprófi.</p> <p>Breytingar í starfsmannahópnum. Skúli Þór Pálsson kennir suðu í málmíðn.</p> <p>Í veikindaleyfi á önninni eru fjórir kennarar og einn stuðningsfulltrúi er kominn til baka úr launalausum leyfi.</p> <p>Umræður um ástæður veikindaleyfa og kulnun.</p>
6.	<p><b>Námsorlof næsta skólaár og skipan staðgengils skólameistara.</b></p> <p>Skólameistari hefur fengið námsleyfi næsta skólaár. Formaður skólanefndar leggur til að Benedikt Barðason leysi skólameistara af í námsleyfi næsta skólaár. Skólanefnd samþykkir tillöguna einróma. Lagt er til að auglýsa stöðu aðstoðarskólameistara.</p> <p>Halldór Torfi Torfason kennari á byggingadeild fékk einnig námsleyfi næsta skólaár.</p>
7.	<p><b>Úttekt Vinnueftirlitsins í des 2018</b></p> <p>Vinnueftirlitið kom í úttekt 12. desember 2018. Fengum fjórar athugasemdir sem brugðist hefur verið við þeim öllum og þremur lokið.</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Gera áhættumat - þurfum að fá utanaðkomandi aðila til að vinna það verkefni fyrir okkur</li> <li>2. Athugasemd við ræstikompu í kjallara - búið að laga.</li> <li>3. Athugasemd við vél í vélstjórn - búið að laga.</li> <li>4. Kjósa í öryggisnefnd - kosið í síðustu viku, tveir starfsmenn kosnir öryggistrúnaðarmenn; Kristjana Pálsdóttir kennari og Einar B. Kristjánsson stuðningsfulltrúi.</li> </ol> <p>Heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með nemendum VMA. Búið er að hafa samband við Hb.E. um heimsókn á vorönninni.</p>
8.	<p><b>Mín framtíð - Íslandsmeistaramót iðngreina, aðkoma VMA</b></p> <p>14.-16. mars n.k. verður haldið Íslandsmót iðngreina og kynning á námsframboði framhaldsskólanna. Viðburðurinn kallast Mín framtíð og er haldinn í Laugardalshöllinni. Grunnskólanemendur sérstaklega af höfuðborgarsvæðinu koma á þessa kynningu. Framkvæmdin er dýr fyrir skólann, bæði vegna ferðalaga og upphalds. Byggingadeild, háriðn, málmur, vélstjórn og rafiðn munu líklega senda keppendur. Kostnaður leggst að verulegu leyti á skólann. Ýmislegt er óljóst í framkvæmd og upplýsingum ábótavant er varðar keppnina. Stéttarfélag hafa stutt keppendur og tekið frá orlofshúsnæði. Vonast er til að framhald verði þar á.</p>

Nr.: GAT-040	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Utgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012	<b>434. fundur skólanefndar VMA</b>	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 5		


9.	<b>Hönnunarstaðall VMA</b> Skólameistari sagði frá því að búið sé að uppfæra merki og bréfsefni skólans. Merkið sjálf heldur sér og búið að gera hönnunarstaðal sem lagður er fram til kynningar á fundinum.
10	<b>Fundagerð kennarafundar frá 11. janúar 2019</b> Lagt fram til kynningar. Sagt frá breytingum á skóladagatali þar sem þriðjudagur eftir páska verður fluttur til 7. mars þannig að passi við vetrarfrí grunnskóla. Fá nemendur og aðrir starfsmenn lengra vetrarfrí sem því nemur, 7.& 8. mars.
11	<b>Málþing; Hvert er unga fólkið okkar að stefna?</b> Skólameistari sagði frá málþingi sem haldið er í Hofi á morgun. VMA, MA, Akureyrarbær og lögreglan á Akureyri halda málþingið. Áhersla er á líðan og áhættuhegðun ungs fólks ásamt því að ræða leiðir til forvarna og stuðnings við foreldra og aðra sem vinna með ungu fólki. Málþingið fer fram 23. janúar kl. 17-19 í Hofi. Mjög mikilvægt er að þessir aðilar standi saman.
12	<b>Önnur mál</b> Viðræður við kennara í fjarkennslu fara af stað aftur á önninni. SHJ minnir á Bugsy og Sturtuhausinn í Hofi.

Fundargerð ritaði: Benedikt Barðason	dags.22.1.2019
--------------------------------------	----------------

*Fundagerðir skólanefndarfunda eru vistaðar á stjórnendadrifi (skólanefnd) og undirritað eintak geymt í möppu á skrifstofu aðstoðarskólameistara. Fundargerð er borin upp til samþykktar á næsta skólanefndarfundi og undirrita fulltrúar í skólanefnd fundargerðina. Dagskrá fundar er undirrituð í fundargerðabók sem geymd er á skrifstofu skólameistara. Undirrituð fundargerð er birt á heimasíðu skólans.*

Undirskrift fundarmanna

\_\_\_\_\_  
Kristín Halldórsdóttir

Nr.: GAT-040	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 5 af 5	<b>434. fundur skólanefndar VMA</b>	

---

Sverre Jakobsson

---

Axel Grettisson

---

Hrafnhildur Karlsdóttir